

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag tveggja frístundahúsalóða í Símonarbrekku við Hestvík í landi Nesja.*
Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 2 frístundahúsalóðum í Símonarbrekku við Hestvík í landi Nesja. Önnur lóðin er 1,7 ha og hin 2,6 ha. Hámarksstærð húsanna er 300 m² og nýtingarhlutfall verður 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn 17. júlí 2008.
2. *Breyting á deiliskipulagi Sólheima.*
Í deiliskipulagsbreytingunni eru markaðar tvær nýjar lóðir fyrir íbúðarhús, ein lóð fyrir vinnubúðir/gistiskála, tvær lóðir fyrir þjónustubyggingar við Mararbúð og fjórar íbúðahúsalóðir við Upphæðir.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2007.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 19. febrúar 2009.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2009